



Reykjavík, 30. júlí 2020

Efni: Takmarkanir á heimsóknum á sambýli og íbúðakjarna með þjónustu

Þar sem COVID-19 smitum hefur fjölgað í samfélaginu síðustu daga teljum við nauðsynlegt að bregðast við til að vernda okkar viðkvæma hóp íbúa á sambýlum og íbúðarkjörnum. Landlæknir hvatti hjúkrunarheimili í gær til að endurskoða heimsóknarreglur sínar. Í ljósi þess er fjöldi þeirra sem koma inn á heimilið takmarkaður á þann hátt að aðeins má einn aðstandandi heimsækja hvern íbúa.

#### Heimsóknarreglur:

- Aðeins einn aðstandandi má heimsækja hvern íbúa hverju sinni. Undanþága er aðeins veitt við mikil veikindi íbúa og þarf að fá leyfi stjórnenda deildar.
- Viðkomandi þarf að spritta hendur um leið og komið er inn, í upphafi heimsóknar.
- Vinsamlega farið beint inn á herbergi til íbúans, ekki stoppa og spjalla á leiðinni. Ef íbúi er ekki inni á herbergi biðjið þá starfsfólk um að sækja hann, alls ekki gera það sjálf.
- Virðið 2ja metra regluna og forðist snertingu við íbúa eins og hægt er.
- Að heimsókn lokinni farið þá beint út án þess að stoppa og spjalla á leiðinni. Vinsamlegast sprittið hendur við brottför.

#### Vinsamlega kynnið ykkur eftirfarandi reglur:

- a. Ekki koma í heimsókn ef þú ert í einangrun eða sóttkví.
- b. Ekki koma í heimsókn ef þú ert að bíða eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
- c. Ekki koma í heimsókn ef þú ert með flensueinkenni (kvef, hósta, höfuðverk, beinverki, þreytu, sviðverki, niðurgang o.fl).
- d. Ekki koma í heimsókn ef þú varst erlendis fyrir minna en 14 dögum.

Mikilvægt er að við virðum samfélagssáttmálann.

Þessar reglur verða endurskoðaðar eftir þörfum og verðið þið upplýst um leið og einhver breyting verður.